

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um áhrif húsnæðisskuldalækkana á viðskiptaafgang.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Um hve háa fjárhæð í krónum talið er álitid að viðskiptajöfnuður muni versna árlega að meðaltali á næstu fimm árum vegna aukins innflutnings í kjölfar lækkunar húsnæðisskulda samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar?
2. Hve miklu má ætla að afborganir erlendra lána í krónum talið nemi umfram viðskiptaafgang á árunum 2014–2018 miðað við að viðskiptajöfnuður verði á næstu árum 3,5%, þ.e. jafn meðaltali síðustu þriggja ára?
3. Í ljósi svara við 1. og 2. tölul., hver eru áhrif tillagna frumvarpsins á getu Íslands til að standa við erlendar greiðsluskuldbindingar á næstu fimm árum?

Skriflegt svar óskast.